

18. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 50 14. júní 1938, með þeim breytingum, sem á henni hafa orðið. 77 3. apríl

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Bindindissjóðinn Framtíðin“, 78 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 7. apríl 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bindindissjóðinn Framtíðin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bindindissjóðurinn Framtíðin. Starfsemi hans er Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 352.89, og er það tillag frá þeim meðlimum bindindisfélagsins Framtíðin í Kelduhverfi, sem enn eru á lífi. Sjóðurinn tekur á móti gjöfum eða áheitum.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Norður-Þingeyinga eða annarri tryggri lánsstofnun. Reikningsár hans er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðurinn skal háður eftirliti sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðanda sveitarsjóðanna í Norður-Þingeyjarsýslu og bornir upp til samþykktar á aðalfundi sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu árlega.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og fyrst um sinn leggist vextirnir allir við höfuðstólinn. En þegar vextirnir eru orðnir það miklir, að $\frac{3}{4}$ hluti þeirra nægi — að álitni sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu — til að inna af hendi að einhverju leyti það hlutverk, sem þeim er ætlað, sbr. 6. gr., veitir sýslunefndin heimild til að sjóðurinn taki til starfa. En þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 50000.00 má lækka vaxtatillagið til hans ofan í allt að $\frac{1}{8}$ vaxtanna, en aldrei meira. Allir vextir, sem eigi eru notaðir samkv. ákvæðum 6. og 7. gr., leggist ávallt við höfuðstólinn.

6. gr.

Vöxtum af sjóðnum, þeim er eigi leggist við höfuðstólinn, skal fyrst um sinn eingöngu varið til útbreiðslu bindindis í Kelduneshreppi, þ. e. til varnar nautn

78 hvers konar eiturlyfja, þeirra er nú þekkjast eða siðar kunna að koma fram, svo 7. apríl sem áfengis (alkóhols), tóbaks, kokains, morfins o. s. frv.

7. gr.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn geti innt af hendi meira menningar- eða líknarstarf en það, er ræðir um í 6. gr., er stjórn sjóðsins, með samþykki sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, heimilt að gera ráðstafanir til þess, og semur þá stjórn sjóðsins, í samráði og með samþykki sýslunefndarinnar, reglur um þá starfsemi. En ávallt skal gæta þess, að hlutverk það, er ræðir um í 6. gr., sitji fyrir öllum öðrum framkvæmdum, þá er ræðir um fjárveitingar úr sjóðnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins sé fyrst um sinn skipuð þrem mönnum. Eru barnakennari Kelduneshrepps og sóknarprestur Garðssóknar sjálfkjörnir í stjórnina, en þriðja manni skal hreppsnefnd Kelduneshrepps kjósa. Þegar starfsemi sjóðsins hefur færzt út samkv. ákvæðum 7. gr., má fjölga mönnum í stjórninni um 2 eða 4 og kjósa þá sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu og hreppsnefnd Kelduneshrepps sinn helminginn hvor þeirra. Öll stjórnin nema sóknarpresturinn skal vera búsett í Kelduneshreppi.

9. gr.

Stjórn sjóðsins veitir honum að öllu leyti forstöðu. Hún skiptir með sér verkum eftir geðþótta, og skal gjaldkerinn nast alla reikningsfærslu, en formaður stjórnar fundum og vera málsvari sjóðsins út á við. Stjórnin skal halda gerðabók, sem í sé rituð skipulagsskrá þess, allar stjórnarathafnir, reikningar fyrir ár hvert og athugasemdir við þá, ef fram koma, ásamt svörum reikningshaldara, og annað það, er sjóðinn varðar og eigi er skráð í öðrum bókum. Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa samkv. 5. gr., skal stjórnin enn fremur halda bréfabók, er rituð séu í öll útfarin og innkomin bréf. En hvenær sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu þykir ástæða til að skipa fyrir um fyllri bókfærslu, hefur hún fulla heimild til þess. En allar bækur þessar skulu háðar þeim reglum, er lög hér á landi á hverjum tíma skipa fyrir, um meðferð og geymslu opinberra embættisbóka.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og að fenginni staðfestingu skal birta skipulagsskrána í Stjórnartíðindum fyrir Ísland, B-deild.

Í Kelduneshreppi í marzmán. 1942.

Björn Guðmundsson.
Guðm. B. Árnason.
Svava Daníelsdóttir.
Jóhannes Guðmundsson.
Jón Jóhannesson.
Sigríður Stefánsdóttir.
B. Kristjánsson.
Björn Stefánsson.
Þórður Benjamínsson.
Björn Daníelsson.
Þór Gr. Víkingur.
Sigrún Grímsdóttir.

Kristján Árnason.
Hólmfríður Gunnarsdóttir.
Margrét Ásmundsdóttir.
Guðrún Jónsdóttir.
Haraldur Ásmundsson.
Stefán Jónsson.
Guðm. Kristjánsson.
Kristín Friðriksdóttir.
Ólafur Jónsson.
Sveinn Víkingur.
Björg Grímsdóttir.